



Reykjavík 16. desember 2022

## Niðurstöður könnunar- og matsferlis hjá Kviku banka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands leggur mat á áhættuþætti í starfsemi fjármála-fyrirtækja í könnunar- og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP) og með hvaða hætti fjármálafyrirtæki meðhöndlar þá í starfseminni, sbr. lög nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Í ferlinu er meðal annars lagt mat á viðskiptaáætlun, stjórnarhætti, útlána- og samþjöppunaráhættu, markaðsáhættu, rekstraráhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu og álagspróf. Við mat á þessum áhættuþáttum er stuðst við [Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum \(SREP\)](#) sem byggja á viðmiðunarreglum Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um sama efni. Jafnframt var höfð hliðsjón af ýmsum öðrum viðmiðunarreglum.

Könnunar- og matsferlið leiðir til niðurstöðu um að hve miklu leyti þær ráðstafanir sem hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki hefur gripið til vegna áhættuþátta séu nægjanlegar, hvort stjórnun þess sé traust og hvort eiginfjárgrunnur sé fullnægjandi með hliðsjón af þeim áhættuþáttum sem felast í starfseminni. Á grundvelli könnunar- og matsferlisins hefur fjármálaeftirlitið meðal annars heimild til að mæla fyrir um hærra eiginfjárlutfall en sem nemur hinu 8% lögbundna lágmarki, endurbætur á innri ferlum, niðurfærslu á eignum við útreikning á eiginfjárgrunni, hömlur eða takmörkun á starfsemi hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis og að dregið sé úr áhættu sem starfsemi þess felur í sér. Þá getur fjármálaeftirlitið komið ýmsum athugasemdum og ábendingum á framfæri í ferlinu.

Kvika banki hf. skilaði fjármálaeftirlitinu mati sínu á eiginfjárþörf, miðað við 31. desember 2021, með svokallaðri ICAAP/ILAAP-skýrslu í apríl 2022. Í kjölfar móttöku skýrslunnar hófst fjármálaeftirlitið handa við að kanna efni hennar og greina upplýsingar sem þar komu fram og afla frekari upplýsinga auk þess sem byrjað var að leggja mat á helstu áhættuþætti í starfsemi bankans. Þá óskaði fjármálaeftirlitið eftir viðbótargögnum, miðað við 30. júní 2022, m.a. vegna breytinga á samstæðu bankans á fyrri árshelmingi 2022.

Fjármálaeftirlitið sendi bankanum drög að niðurstöðum könnunar- og matsferlisins í lok október sl. og fékk bankinn tækifæri til að koma á framfæri andmælum, sbr. IV. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Andmæli bankans bárust í byrjun nóvember sl. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið þeim þætti könnunar- og matsferlisins sem snýr að mati á eiginfjárþörf og sendi Kviku banka hf. nýlega bréf um niðurstöðuna.

### Viðbótarkrafa um eiginfjárgrunn Kvikubanka hf. (Stoð II-R)

Niðurstaðan var að Kvikubanki hf. skyldi frá og með 1. desember 2022 viðhalda viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn sem næmi 3,5% af áhættugrunni. Viðbótarkrafan kemur til vegna útlána-, mótaðila- og samþjöppunaráhættu og markaðs- og fastvaxtaáhættu, sem ekki var nægjanlega tekið tillit til við útreikning á grunnkröfu um eiginfjárgrunn (stoð I). Þess ber að geta að SREP ferlið leiddi í ljós vanmat á áhættuvogum við útreikning á áhættugrunni (stoð I) vegna útlánaáhættu sem var leiðrétt og leiðir það til aukinnar eiginfjárröfu undir stoð I, ella hefði eiginfjárröfa undir stoð II-R orðið hærri. Viðbótarkrafan undir stoð II-R skiptist þannig að almennt eigið fé þáttar 1 skal nema að lágmarki 2,0% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 2,6% af áhættugrunni.

Viðbótareiginfjárröfa kemur til viðbótar grunnkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárrauka:

- Grunnkrafa um eiginfjárgrunn (stoð I) nemur 8% af áhættugrunni. Af kröfunni skal almennt eigið fé þáttar 1 nema að lágmarki 4,5% af áhættugrunni og þáttur 1 í heild skal nema að lágmarki 6% af áhættugrunni.
- Samanlögð krafa um eiginfjárrauka nemur 6,2% af áhættugrunni og skal henni vera að fullu mætt með almennu eigin fé þáttar 1. Samanlögð krafa um eiginfjárrauka tekur mið af samsetningu innlendra og erlendra áhættuveginna eigna, sem er ólík á milli banka.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn Kvikubanka hf., á samstæðugrunni, nemur því 17,7% af áhættugrunni og samanstendur af grunnkröfu um eiginfjárgrunn, viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn og samanlagðri kröfu um eiginfjárrauka.

### Athugasemdir og úrbótakröfur

Fjármálaeftirlitið kom eftirfarandi athugasemdum á framfæri við Kvikubanka hf. í könnunar- og matsferlinu og fór fram á viðeigandi úrbætur.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að bankinn skuli ekki tengja betur á milli stefnumótunar og fjárhagslegra áætlana til þriggja ára. Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn skili fjármálaeftirlitinu heildstæðri viðskiptaáætlun til þriggja ára eftir gerð næstu viðskiptaáætlunar hans.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við að viðbúnaðaráætlun lausafjár var ekki prófuð árið 2021, þrátt fyrir kröfu þar að lútandi, sbr. 9. mgr. 78. gr. h laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Fjármálaeftirlitið fór fram á að viðbúnaðaráætlun lausafjár yrði prófuð a.m.k. árlega og að samantekt um niðurstöðu prófunar yrði send fjármálaeftirlitinu.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemd við umgjörð og framkvæmd álagsprófa hjá bankanum. Fjármálaeftirlitið fór fram á að Kvika banki hf. setji fram og sendi til fjármálaeftirlitsins tímasetta áætlun um hvernig bankinn ætli að bæta úr tilgreindum vanköntum sbr. 3. tölul. 3. mgr. 107. gr. a laga um fjármálafyrirtæki.